

### Verslunarreikningur

Lögð er áhersla á góð vinnubrögð í stærðfræði og nákvæmni í framsetningu og lausnum verkefna. Meginviðfangsefni eru jöfnur, skiptireikningur, prósentureikningur, vaxtareikningur og vaxtavextir.

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hlutfallshugtakinu og kunni að skipta stærðum í hlutföllum.
- kunni skilgreiningu á prósentum og geti leyst öll algeng dæmi í prósentureikningi, þ.m.t. útreikning á virðisaukaskatti og samsettar prósentur, t.d. einfalda vaxtavexti, keðjuálagningu og keðjuafslátt.

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með flóknari jöfnur af fyrsta stigi.
- leysa flóknari dæmi í prósentu- og vaxtareikningi.
- beita fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna og rætt niðurstöður og aðferðir.

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa reikningsdæmi sem tengjast daglegu lífi og starfi
- vinna með hlutföll og prósentur
- beita efni áfangans á ný í frekara námi

### Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni. Lokapróf er í áfanganum.